

Stjórn Úrvinnslusjóðs

374. stjórnarfundur, mánudaginn 25. ágúst kl. 13:00-15:00

Suðurlandsbraut 24

Dagskrá samkvæmt fundarboði

A. Til kynningar (45 mín)

1. Drifrahlöður – verklag og endurgjald
2. Staða sjóða

(kaffihlé 10 mín)

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (65 mín)

3. Ráðstöfunarleið fyrir stórsekki – Málsnr. 2025-07-07-1128
4. Tillaga að gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar
5. Umsögn um áform um breytingar á Úrvinnslugjaldi
6. Þjónustusamningar Úrvinnslusjóðs
7. Starfsmannamál

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Íris Gunnarsdóttir (ÍG),
Daníel Gunnarsson (DG)
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS)
Gunnlaug Einarsdóttir (GE)
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Samþykkt að senda umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna áforma um breytingu á lögum um úrvinnslugjald.
2. Stjórn samþykkti starfslýsingu framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs og breytingu á starfslýsingu samskiptastjóra og lögfræðings sem verður staðgengill framkvæmdastjóra.
3. Stjórn samþykkti að móta sjóðnum stefnu um notkun gervigreindar.

Fundargerð

KMM lagði til eftirfarandi dagskrárbreytingu: Dagskrárlið 3 frestist til næsta fundar. Við boðaða dagskrá bætist nýr liður, Stefna um notkun gervigreindar hjá Úrvinnslusjóði. Tillagan var samþykkt.

A. Til kynningar

4. Drifrahlöður – verklag og endurgjald

ÍG kom inn á fundinn og fór yfir framlagt skjal F374 D01 Endurvinnsluferli rafhlaðna. Spurningar og umræður. ÍG vék af fundi.

5. Staða sjóða

DG kom inn á fundinn og fór yfir stöðu sjóða. Vék að því búnu af fundi.

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu

3. Ráðstöfunarleið fyrir stórsekki – Málsnr. 2025-07-07-1128

Frestað til næsta fundar.

4. Tillaga að gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar

GE kom inn á fundinn og fór yfir tillögurnar og athugasemdir/hugleiðingar sjóðsins.

Tillaga um að kalla eftir fundi með UOS til að fara yfir tillögurnar var samþykkt einróma.

Skrifstofunni var falið að vinna úr fundinum og ljúka umsögninni, kynna svo þá vinnu fyrir stjórn.

(kaffihlé 10 mín)

5. Umsögn um áform um breytingar á Úrvinnslugjaldi

GE fór yfir drög að umsögn við mál í samráðsgátt stjórnvalda, skjal F374 D05. Búið er að kynna tillögurnar hjá URN, UOS, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skattinum. KMM lagði til að umsögnin verði sett í samráðsgáttina. Það var samþykkt einróma.

6. Þjónustusamningar Úrvinnslusjóðs

SBJ fór yfir málefnið. Umræður.

7. Starfsmannamál

Fyrir fundinum liggja drög að starfslýsingu framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs, skjal F374 D07. KMM lagði til að starfslýsingin yrði samþykkt. Stjórn samþykkti tillöguna einróma.

KMM lagði einnig til þá breytingu á starfslýsingu samskiptastjóra og lögfræðings að hún yrði staðgengill framkvæmdastjóra. Samþykkt einróma.

8. Stefna um notkun gervigreindar hjá Úrvinnslusjóði

KMM kynnti upplegg að því hvernig má nýta gervigreind til að bæta þjónustu sjóðsins.

Stjórn samþykkti að móta sjóðnum stefnu um notkun gervigreindar. Starfsfólki sjóðsins var falið að vinna áfram að undirbúningi málsins.

Fundi slitið kl. 14:50